

Ed.

154. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til stöðugs verðlags og atvinnuöryggis.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Að því er segir í grg. með frv. þessu, er tilgangur þess sá að framkvæma „raunverulega“ verðstöðvun með því að færa niður þau 7.5%-stig vísitölunnar á maí-grunn, „sem að öðrum kosti myndu reynast óhjákvæmilegt tilefni öflugra og örra gagnverkana verðlags og launa“. Þessu marki hyggjast þeir, sem að frv. standa, ná með eftirfarandi hætti:

1. Með ákvæðum 1. gr. frv. um, að verð á hvers konar vöru megi ekki hækka frá því, sem var 1. nóv. s. l., nema hlutaðeigandi yfirvöld telji hækkun óhjákvæmilega, og að hundraðshluti álagningar megi ekki hækka frá sama tíma, og með hliðstæðum ákvæðum varðandi selda þjónustu og framlög, þ. á m. það, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra láta í té gegn gjaldi.
2. Með því að leggja á sérstakan launaskatt, er nemi 1½% af greiddum launum og verði varið til niðurgreiðslu vöruverðs.
3. Með því að hækka fjölskyldubætur í kr. 8000.00 með hverju barni og auka niðurgreiðslur á vöruverði með framlögum úr ríkissjóði.

4. Með því að breyta viðmiðunartíma verðlagsbóta á laun þannig, að hann verði 1. des., 1. marz og 1. júní 1971 að því er þær vörur áhrærir, sem auknar verða niðurgreiðslur á.
5. Með því að taka ekki í vísitölu launa tillit til verðhækkana (15%) á áfengi og tóbaki, sem varið er til niðurgreiðslna á vöruverði.
6. Með því að taka ekki í kaupgreiðsluvísitölu tillit til fyrirsjáanlegra hækkana á iðgjaldi til almannatrygginga.
7. Með því að fella með öllu niður 2 stig kaupgreiðsluvísitölu skv. samningum verkalýðsfélaga við atvinnurekendur.

Ef hver framangreindra aðgerða er nánar athuguð, verður auðsætt, að meiri hluti þeirra beinist að því að skerða með lögum samningsbundinn rétt launafólks til verðbóta á laun eða að því að beita ráðum til, að „eyðing“ hinna 7.5%-stiga vísitölnunnar lendi sem mest á bökum launafólks.

Með álagningu launaskattsins er tekinn upp sá kynlegi háttur að láta launagreiðendur borga 1½% skatt til ríkissjóðs á öll laun í stað þess að greiða þann hluta launa beint til launafólks. Tilgangur þessa er þó auðsær, þegar þess er gætt, að 1.5% í launum jafngildir 327 millj. kr. (sbr. athugasemdir með frv.), en sé þeirri upphæð varið til niðurgreiðslna og fjölskyldubóta með þeim hætti, sem ráðgerður er, dugir sú upphæð til að lækka kaup um 2%-stig. Launagreiðendur hagnast því um ½% af kaupi við þessa aðgerð, en launþegar sem heild skaðast að sama skapi.

Með breyttum viðmiðunartíma verðlagsbóta eru launagreiðendur firrtir skyldu til að greiða um 4%-stiga launauppbót hinn 1. des. n. k., en til hennar eiga launþegar óyggjandi rétt samkv. gildandi kjarasamningum, og skiptir í því efni engu, hverjar niðurgreiðslur eru framkvæmdar eftir 1. nóv.

Með því að lögfesta, að kippt skuli úr umsömdum vísitölugrundvelli verðlagi á tóbaki og áfengi, eru launamenn skaðaðir um 0.7%-stig í verðlagsbótum og um 0.4—0.7%-stig með þeim ákvæðum að taka iðgjöld til almannatrygginga út úr grundvellingum.

Loks gerir frv. svo ráð fyrir, að 2%-stig af verðlagsbótum verði felld niður með öllu, og var í fyrstu ákveðið, að sú skerðing tæki gildi 1. des. n. k., en vegna ótta ríkisstjórnarinnar við þau eindregnu mótmæli, sem skerðingarákvæði frv. hafa hlotið frá verkalýðssamtökunum, hefur nú verið frá því áformi horfið, og er nú ætlunin að fresta þessari skerðingu launa, líklega til 1. marz n. á.

Þetta undanhald ríkisstjórnarinnar í skerðingaráformum hennar breytir þó engu um meginefni málsins og því ekki um einhuga andstöðu verkalýðssamtakanna við allar kaupskerðingar mitt í einu mesta góðæri, sem yfir hefur gengið, og þó sérstaklega við þá árás, sem í frumvarpsákvæðunum felst á frjálsan samningsrétt launþegasamtakanna.

Við samningagerð verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda á s. l. sumri var það grundvallarkrafa launafólks, að fullar verðlagsbætur yrðu greiddar á laun, og vita allir, sem þá komu nálægt samningagerðinni, og þ. á m. ríkisstjórnin, fullvel, að án fullnægingar þeirrar kröfu, með þeim hætti, sem um var samið, hefðu samningar ekki náðst. Það er því sízt ofmælt, að samningaákvæðin um verðlagsbætur voru grundvöllur þeirra samninga, sem þá voru gerðir um vinnufrið yfir lengra tímabil en áður hefur þekkt í samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er þessum grundvelli kippt á brott með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, hvað öryggi og friðsamlega sambúð á vinnumarkaðinum áhrærir.

Auðsætt er, að harla vafasamur lagaréttur stendur að baki slíkum gerbreytingum á fjármálalegum gerðum, sem í alla staði voru lögmætar, og öruggt, að enginn siðferðilegur réttur styður slíkar breytingar, enda útilokað, að nokkrir aðrir aðilar í þjóðfélaginu þyrftu að lúta slíkri riftingu rétt gerðra samninga. Undirritaður telur, að algert lágmark almenns siðgæðis í afskiptum stjórnvalda af kjarasamningum verkalýðssamtakanna hefði í þessu tilviki verið það að viðurkenna í fyrirhugaðri

löggjöf, að samningar væru uppsegjanlegir, án fyrirvara, eftir að þeim hefði verið svo breytt í grundvallaratriðum sem raun er á, eins og gert var gagnvart kjarasamningum sjómanna með ákvæðum „laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu“ frá 19. des. 1968. Með þeirri löggjöf var grundvelli sjómannasamninga rift með breyttum hlutaskiptum, en um leið viðurkennt, að samningar væru þá um leið úr gildi fallnir.

Undirritaður minni hl. fjhn. telur, að frv. þetta sé greinileg viðurkenning þess, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega sú, sem hún hefur fylgt og framkvæmt með afskiptum sínum og afskiptaleysi af verðlagsþróuninni á tímabilinu frá því að kjarasamningar voru gerðir á s. l. vori, hafi beðið algert skipbrot og að grípa þurfi til sérstakra aðgerða, ef í algert öngþveiti eigi ekki að stefna. Það er hins vegar álit undirritaðs, að allar ytri aðstæður séu nú svo hagstæðar, að auðvelt mundi að hefja nú nauðsynlegt viðnám gegn verðbólguþróuninni án þess að raska í nokkru rétt gerðum og gildum kjarasamningum verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda.

Af framangreindum ástæðum er undirritaður andvígur þeim ákvæðum frumvarpsins, sem að því stefna að skerða launakjör og samninga verkalýðssamtakanna, og leggur því til, að það verði fellt, ef ekki fást á því óhjákvæmilegar breytingar, sem tryggt gætu friðhelgi samningsréttar og umsamin launakjör, en breytingartillögur í þá átt mun undirritaður flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. nóv. 1970.

Björn Jónsson.